

Sp. 213. Tillaga til þingsályktunar

um innflutning nýrra ávaxta.

Flm.: Hermann Guðmundsson, Katrín Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast um, að innflutningur nýrra ávaxta verði aukinn svo og skipulagður, að landsmenn eigi ávallt kost á einhverri tegund þeirra.

Greinargerð.

Nýir ávextir eru ekki aðeins ljúffengt muungæti, heldur og ein hin lystugasta og hollasta fæðutegund. Neyzla þeirra er veigamikill þáttur í vernd heilsunnar og flýttir bata fjölda sjúkdóma. Heilbrigði þjóðarinnar yrði að því ómetanlegt gagn, ef nýrra ávaxta væri kostur við hóflegu verði árið um kring. Með hinum miklu og hröðu samgöngum við útlönd, sem nú tíðkast, ætli slíkt að vera vel kleift og því óþarft með öllu, að landsmenn fari lengur á mis við þá heilsugjöf, sem ávextir eru. En þar sem ástæða er til að ætla, að svo verði þó ekki í bráð, nema hið opinbera láti sig málið skipta, höfum við leyft okkur að bera þingsályktunartillögu þessa fram.